

BÓKUN 47

UM AFNÁM TÆKNILEGRA HINDRANA Í VIÐSKIPTUM MEÐ VÍN

Samningsaðilar skulu heimila innflutning og markaðssetningu á vínafurðum sem eru upprunnar á yfirráðasvæðum þeirra og eru í samræmi við löggjöf Bandalagsins, eins og hún hefur verið aðlöguð hvað samninginn varðar, svo sem fram er sett í 1. viðbæti {¹} við þessa bókun varðandi skilgreiningu á vínafurðum, starfsvenjur í vínfræði, samsetningu á vínnum og aðferðir við dreifingu og markaðssetningu.

{²} Samningsaðilar skulu koma á gagnkvæmri aðstoð milli eftirlitsstofnana í víngeiranum í samræmi við ákvæði 2. viðbætis.

Að því er þessa bókun varðar skal „upprunavínaforð“ merkja „vínaforð þar sem þrúgur, eða önnur efni leidd af þrúgum og notuð í hana, verða að vera fengnar að öllu leyti“.

EFTA-ríkjunum er heimilt að halda áfram að beita innlendri löggjöf að því er varðar annað en viðskipti milli EFTA-ríkjanna og Bandalagsins.

Ákvæði bókunar 1 um altæka aðlögun skulu gilda um gerðir sem vísað er til í 1. viðbæti {³} við þessa bókun. Fastanefnd EFTA-ríkjanna skal gegna þeim störfum sem um ræðir í d-lið 4. tölul. og 5. tölul. bókunar 1.

{⁴} Að því er varðar framleiðsluvörur sem falla undir gerðir sem vísað er til í þessari bókun er Liechtenstein heimilt að beita svissneskum lögum er leiða af svæðissambandi þess við Sviss vegna markaðarins í Liechtenstein samhliða löggjöf um framkvæmd gerða sem vísað er til í þessari bókun. Ákvæði um frjálsa vöruflutninga sem er að finna í þessum samningi eða gerðum sem vísað er til skulu, að því er varðar útflutning frá Liechtenstein til annarra samningsaðila, aðeins gilda um framleiðsluvörur sem eru í samræmi við gerðir sem vísað er til í þessari bókun.

{⁵} Ákvæði viðaukans skulu þó ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins.

1. VIÐBÆTIR {⁶}

1. [] {⁷}
2. [] {⁸}
3. [] {⁹}
4. [] {¹⁰}
5. [] {¹¹}

{¹} Orðinu „viðbæturinn“ var skipt út fyrir „1. viðbæti“ með ákvörðun nr. 7/94 (Stjtið. EB L 160, 28.6.1994, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 17, 28.6.1994, bls. 1), gildistaka 1.7.1994.

{²} Málsgreininni var bætt við með ákvörðun nr. 7/94 (Stjtið. EB L 160, 28.6.1994, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 17, 28.6.1994, bls. 1), gildistaka 1.7.1994.

{³} Orðinu „viðbæturinn“ var skipt út fyrir „1. viðbæti“ með ákvörðun nr. 7/94 (Stjtið. EB L 160, 28.6.1994, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 17, 28.6.1994, bls. 1), gildistaka 1.7.1994.

{⁴} Málsgreininni var bætt við með ákvörðun EES-ráðsins nr. 1/95.

{⁵} Textanum var bætt við með ákvörðun nr. 97/2007 (Stjtið. ESB L 47, 21.2.2008, bls. 3 og EES-viðbætur nr. 9, 21.2.2008, bls. 2), gildistaka 28.9.2007.

{⁶} Texta 1. viðbætis var skipt út með ákvörðun nr. 75/2006 (Stjtið. ESB L 245, 7.9.2006, bls. 46 og EES-viðbætur nr. 45, 7.9.2006, bls. 39), gildistaka 3.6.2006.

{⁷} Texti 1. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2676/90) var felldur brott með ákvörðun nr. 102/2012 (Stjtið. ESB L 248, 13.9.2012, bls. 40 og EES-viðbætur nr. 50, 13.9.2012, bls. 46), gildistaka 1.4.2013.

{⁸} Texti 2. liðar (reglugerð ráðsins (EB) nr. 1493/1999) var felldur brott með ákvörðun nr. 102/2012 (Stjtið. ESB L 248, 13.9.2012, bls. 40 og EES-viðbætur nr. 50, 13.9.2012, bls. 46), gildistaka 1.4.2013.

{⁹} Texti 3. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1607/2000) var felldur brott með ákvörðun nr. 102/2012 (Stjtið. ESB L 248, 13.9.2012, bls. 40 og EES-viðbætur nr. 50, 13.9.2012, bls. 46), gildistaka 1.4.2013.

{¹⁰} Texti 4. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1622/2000) var felldur brott með ákvörðun nr. 102/2012 (Stjtið. ESB L 248, 13.9.2012, bls. 40 og EES-viðbætur nr. 50, 13.9.2012, bls. 46), gildistaka 1.4.2013.

{¹¹} Texti 5. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 884/2001) var felldur brott með ákvörðun nr. 102/2012 (Stjtið. ESB L 248, 13.9.2012, bls. 40 og EES-viðbætur nr. 50, 13.9.2012, bls. 46), gildistaka 1.4.2013.

6. [] {¹²}

7. [] {¹³}

8. {¹⁴} **32013R1308** - Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007 (Stjtið. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 671), eins og henni var breytt með:

-{¹⁵} **32017R2393** - Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2393 frá 13. desember 2017 (Stjtið. ESB L 350, 29.12.2017, bls. 15).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Einungis eftirfarandi ákvæði reglugerðarinnar gilda:

Ákvæði l-liðar 2. mgr. 1. gr., sbr. XII. hluta I. viðauka.

Ákvæði 1. mgr. 3. gr., sbr. IV. hluta II. viðauka.

Ákvæði f-, g-, h-, k- og m-liðar 3. mgr., 4. mgr. og d-liðar 5. mgr. 75. gr.

Ákvæði b-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 78. gr., sbr. II. hluta VII. viðauka, sbr. I. viðbæti VII. viðauka.

Ákvæði 80. gr., sbr. VIII. viðauka.

Ákvæði 81. og 82. gr.

Ákvæði 2. og 3. mgr. 83. gr.

Ákvæði 92. - 108. gr.

Ákvæði 112. og 113. gr.

Ákvæði 117. - 121. gr.

Ákvæði 146. gr. og

1. og 2. mgr. 147. gr.

Ákvæðin skulu gilda með þeirri aðlögun sem unnt er að leiða af ákvæðum meginmáls EES-samningsins, altækri aðlögun í inngangsorðum bókuar 47 við samninginn og sértækri aðlögun í 1. viðbæti við bókun 47 við EES-samninginn.

b) Fulltrúar EFTA-rikkjanna skulu taka fullan þátt í störfum nefndarinnar sem vísað er til í 229. gr. reglugerðarinnar, og fjalla um málefni sem falla undir gildissvið þeirra gerða sem vísað er til í samningnum, en án atkvæðisréttar.

8a. {¹⁶} **32018R0273** - Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/273 frá 11. desember 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar fyrirkomulag við veitingu leyfa til plöntunar á vínvið, skrána yfir vénekrur, fylgiskjöl og vottun, innfærslu- og útfærsluskrána, lögboðnar yfirlýsingar, tilkynningar og birtingu tilkynnta upplýsinga og um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1306/2013 að því er varðar viðeigandi eftirlit og viðurlög, um breytingu á reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 555/2008, (EB) nr. 606/2009 og (EB) nr. 607/2009 og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 436/2009 og framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/560 (Stjtið. ESB L 58, 28.2.2018, bls. 1).

{¹²} Texti 6. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 753/2002) var felldur brott með ákvörðun nr. 102/2012 (Stjtið. ESB L 248, 13.9.2012, bls. 40 og EES-viðbæti nr. 50, 13.9.2012, bls. 46), gildistaka 1.4.2013.

{¹³} Texti 7. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1793/2003) var felldur brott með ákvörðun nr. 190/2012 (Stjtið. ESB L 341, 13.12.2012, bls. 44 og EES-viðbæti nr. 70, 13.12.2012, bls. 52), gildistaka 1.4.2013.

{¹⁴} Texta 8. liðar var bætt við með ákvörðun nr. 102/2012 (Stjtið. ESB L 248, 13.9.2012, bls. 40 og EES-viðbæti nr. 50, 13.9.2012, bls. 46), gildistaka 1.4.2013. Texta 8. liðar (reglugerð ráðsins (EB) 1234/2007) og aðlögunartextanum var skipt út með ákvörðun nr. 40/2016 (Stjtið. ESB L 189, 20.7.2017, bls. 7 og EES-viðbæti nr. 45, 20.7.2017, bls. 7), gildistaka 6.2.2016.

{¹⁵} Undirlitnum og orðunum „eins og henni var breytt með:“ var bætt við með ákvörðun nr. 273/2022 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbæti nr. [verður birt síðar]), gildistaka 24.9.2022.

{¹⁶} Liðnum og aðlögunartextum var bætt við með ákvörðun nr. 272/2022 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbæti nr. [verður birt síðar]), gildistaka 24.9.2022.

Ákvæði framseldu reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Einungis eftirfarandi ákvæði reglugerðarinnar gilda:

c-liður 1. gr.,

2. gr.,

8. og 9. gr.,

1. mgr., að undanskildum iii-lið a-liðar og b-lið, 2., 3. og 5. mgr. 10. gr., sbr. A-, B- og C-hluta V. viðauka,

11. gr., sbr. VI. viðauka, I. hluta,

14. gr., að undanskildum b-lið 1. mgr.,

16. til 19. gr., og

b-liður 1. mgr. og 2. mgr. 50. gr.

Ákvæðin skulu gilda með þeim aðlögunum sem leiða má af ákvæðum meginmáls samningsins, altækri aðlögun í inngangi að bókun 47 við samninginn og sértæka aðlögunartextanum í 1. viðbæti við bókun 47 við samninginn.

b) Eftirfarandi kemur í stað annars málsliðar 2. mgr. 17. gr. og annars málsliðar þriðju undirgreinar 1. mgr. 18. gr.:

„Þær upplýsingar skulu framsendar í samræmi við 2. viðbæti við bókun 47 við samninginn.“.

8b.{17} **32018R0274** - Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/274 frá 11. desember 2017 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar fyrirkomulag við veitingu leyfa til plöntunar á vínvið, vottun, innfærslu- og útfærsluskrána, lögboðnar yfirlýsingar og tilkynningar og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1306/2013 að því er varðar viðeigandi eftirlit og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/561 (Stjtið. ESB L 58, 28.2.2018, bls. 60).

Ákvæði framkvæmdarreglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Einungis eftirfarandi ákvæði framkvæmdarreglugerðarinnar gilda:

Ákvæði 12. gr. og 1. mgr. 35. gr.

Ákvæðin skulu gilda með þeim aðlögunum sem leiða má af ákvæðum meginmáls samningsins, altækri aðlögun í inngangi að bókun 47 við samninginn og sértæka aðlögunartextanum í 1. viðbæti við bókun 47 við samninginn.

8c.{18} **32019R0033** - Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/33 frá 17. október 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar umsóknir um vernd fyrir upprunatáknar, landfræðilegar merkingar og hefðbundin heiti í vingeiranum, andmælameðferð, takmarkanir á notkun, breytingar á forskriftum fyrir afurðir, afturköllun verndar og merkingu og kynningu (Stjtið. ESB L 9, 11.1.2019, bls. 2), eins og hún var leiðrétt í Stjtið. ESB L 269, 23.10.2019, bls. 13, eins og henni var breytt með:

-{19} **32021R1375** - Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1375 frá 11. júní 2021 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2019/33 að því er varðar breytingu á hefðbundnum heitum í vingeiranum (Stjtið. ESB L 297, 20.8.2021, bls. 16).

Ákvæði framseldu reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Eftirfarandi er bætt við töfluna í A-hluta I. viðauka:

”

{17} Liðnum og aðlögunartextanum var bætt við með ákvörðun nr. 272/2022 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 24.9.2022.

{18} Liðnum og aðlögunartextum var bætt við með ákvörðun nr. 273/2022 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 24.9.2022.

{19} Undirliðnum og orðunum „eins og henni var breytt með:“ var bætt við með ákvörðun nr. 274/2022 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 24.9.2022.

á íslensku	„súlfít“ eða „brennisteinsdíoxíð“	egg“, „eggjaprótín“, „eggjaafurð“, „lýsósím úr eggjum“ eða „eggjaalbúmin“	„mjólk“, „mjólkurvorur“, „mjólkurkasein“ eða „mjólkurprótín“
á norsku	„sulfitter“ eða „svoveldioksid“	„egg“, „eggprotein“, „eggprodukt“, „egglysozym“ eða „eggalbumin“	„melk“, „melkeprodukt“, „melkekasein“ eða „melkeprotein“

b) Eftirfarandi er bætt við töfluna í II. viðauka:

”

IS	„vinnsluaðili“ eða „vínraktarmaður“	„unnið af“
NO	„bearbeidingsvirksomhet“ eða „vinprodusent“	„bearbeidet av“

8d.{²⁰} **32019R0034** - Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/34 frá 17. október 2018 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar umsóknir um vernd fyrir upprunataknanir, landfræðilegar merkingar og hefðbundin heiti í vingeiranum, andmælameðferð, breytingar á forskriftum fyrir afurðir, skrána yfir vernduð heiti, afturköllun verndar og notkun tákna og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1306/2013 að því er varðar viðeigandi kerfi fyrir eftirlit (Stjtið. ESB L 9, 11.1.2019, bls. 46).

Ákvæði framkvæmdarreglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Þrátt fyrir ákvæði bókunar 1 skulu samskipti lögbærra yfirvalda í EFTA-ríkjunum við framkvæmdastjórnina samkvæmt 1. mgr. 30. gr. fylgja málsmeðferðinni sem sett er fram í b-lið. 4. liður bókunar 1 gildir ekki um 30. gr.

8e.{²¹} **32019R0934** - Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/934 frá 12. mars 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar vínraktarsvæði þar sem auka má alkóhólstyrkleikann, leyfilegar vínfræðilegar vinnsluáðferðir og takmarkanir sem eiga við um framleiðslu og varðveislu vínraktarafurða, lágmarkshlutfall alkóhóls í aukaafurðum og ráðstöfun þeirra og birtingu skráa Alþjóðavinstofnunarinnar (Stjtið. ESB L 149, 7.6.2019, bls. 1), eins og henni var breytt með:

-{²²} **32020R0565** - Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/565 frá 13. febrúar 2020 (Stjtið. ESB L 129, 24.4.2020, bls. 1),

-{²³} **32022R0016** - Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/16 frá 22. október 2021 (Stjtið. ESB L 5, 10.1.2022, bls. 1).

8f.{²⁴} **32019R0935** - Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/935 frá 16. apríl 2019 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar greiningaraðferðir til að ákvarða eðlisfræðilega og efnafræðilega eiginleika og skynmatseinkenni vínraktarafurða og tilkynningar um ákvarðanir aðildarríkja varðandi aukningu á styrk náttúrulegs alkóhóls (Stjtið. ESB L 149, 7.6.2019, bls. 53).

8g.{²⁵} **32020R1062** - Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1062 frá 13. júlí 2020 um að veita heitinu „Csopak“ / „Csopaki“ (VUT) vernd skv. 99. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 (Stjtið. ESB L 232, 20.7.2020, bls. 39).

8h.{²⁶} **32020R1063** - Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1063 frá 13. júlí 2020 um að veita heitinu „Achterhoek – Winterswijk“ (VUT) vernd skv. 99. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 (Stjtið. ESB L 232, 20.7.2020, bls. 40).

{²⁰} Liðnum og aðlögunartextanum var bætt við með ákvörðun nr. 273/2022 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 24.9.2022.

{²¹} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 273/2022 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 24.9.2022.

{²²} Undirliðnum og orðunum „eins og henni var breytt með:“ var bætt við með ákvörðun nr. 273/2022 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 24.9.2022.

{²³} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 275/2022 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 24.9.2022.

{²⁴} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 273/2022 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 24.9.2022.

{²⁵} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 274/2022 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 24.9.2022.

{²⁶} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 274/2022 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 24.9.2022.

- 8i. {27} **32020R1064** - Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1064 frá 13. júlí 2020 um að veita heitinu „delle Venezie“/„Beneških okolišev“ (VUT) vernd skv. 99. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 (Stjtið. ESB L 232, 20.7.2020, bls. 41).
- 8j. {28} **32020R1120** - Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1120 frá 23. júlí 2020 um að veita heitinu „Adamclisi“ (vernduð upprunatáknun) vernd skv. 99. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 (Stjtið. ESB L 245, 30.7.2020, bls. 1).
- 8k. {29} **32020R1679** - Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1679 frá 6. nóvember 2020 um að veita heitinu „Soltvadkert“ (VUT) vernd skv. 99. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 (Stjtið. ESB L 379, 13.11.2020, bls. 25).
- 8l. {30} **32020R1680** - Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1680 frá 6. nóvember 2020 um að veita heitinu „Friuli“/„Friuli Venezia Giulia“/„Furlanija“/„Furlanija Julijska krajina“ (VUT) vernd skv. 99. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 (Stjtið. ESB L 379, 13.11.2020, bls. 26).
- 8m. {31} **32020R1751** - Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1751 frá 17. nóvember 2020 um að veita heitinu „Würzburger Stein-Berg“ (VUT) vernd skv. 99. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 (Stjtið. ESB L 394, 24.11.2020, bls. 4).
- 8n. {32} **32021R0152** - Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/152 frá 3. febrúar 2021 um að veita heitinu „Ponikve“ (vernduð upprunatáknun) vernd skv. 99. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 (Stjtið. ESB L 46, 10.2.2021, bls. 1).
- 8o. {33} **32021R1263** - Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1263 frá 26. júlí 2021 um að veita heitinu „Muškati momjanski/Moscato di Momiano“ (VUT) vernd skv. 99. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 (Stjtið. ESB L 277, 2.8.2021, bls. 30).
- 8p. {34} **32021R1914** - Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1914 frá 28. október 2021 um að veita heitinu „Île-de-France“ (VLM) vernd skv. 99. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 (Stjtið. ESB L 389, 4.11.2021, bls. 9).
- 8q. {35} **32021R1915** - Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1915 frá 28. október 2021 um að veita heitinu „Urueña“ (VUT) vernd skv. 99. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 (Stjtið. ESB L 389, 4.11.2021, bls. 10).
9. [] {36}
10. [] {37}
11. [] {38}
12. {39} **32010R1022** - Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1022/2010 frá 12. nóvember 2010 um að heimila hækkun marka fyrir auðgun víns sem framleitt er úr þrúgum úr uppskeru ársins 2010 á tilteknum vínræktarsvæðum (Stjtið. ESB L 296, 13.11.2010, bls. 3).
13. {40} **32013R0172** - Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 172/2013 frá 26. febrúar 2013 um að taka tiltekin fyrirbyggjandi vinnu af skránni sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 1234/2007 (Stjtið. ESB L 55, 27.2.2013, bls. 20).

- {27} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 274/2022 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 24.9.2022.
- {28} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 274/2022 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 24.9.2022.
- {29} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 274/2022 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 24.9.2022.
- {30} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 274/2022 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 24.9.2022.
- {31} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 274/2022 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 24.9.2022.
- {32} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 274/2022 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 24.9.2022.
- {33} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 274/2022 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 24.9.2022.
- {34} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 274/2022 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 24.9.2022.
- {35} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 274/2022 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 24.9.2022.
- {36} Texta 9. liðar og aðlögunartextanum var bætt við með ákvörðun nr. 102/2012 (Stjtið. ESB L 248, 13.9.2012, bls. 40 og EES-viðbætur nr. 50, 13.9.2012, bls. 46), gildistaka 1.4.2013. Aðlögunartextanum var síðar skipt út með ákvörðun nr. 112/2014 (Stjtið. ESB L 310, 30.10.2014, bls. 84 og EES-viðbætur nr. 63, 30.10.2014, bls. 72), gildistaka 17.5.2014. Var síðar felldur brott með ákvörðun nr. 272/2022 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 24.9.2022.
- {37} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 102/2012 (Stjtið. ESB L 248, 13.9.2012, bls. 40 og EES-viðbætur nr. 50, 13.9.2012, bls. 46), gildistaka 1.4.2013. Var síðar felldur brott með ákvörðun nr. 273/2022 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 24.9.2022.
- {38} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 102/2012 (Stjtið. ESB L 248, 13.9.2012, bls. 40 og EES-viðbætur nr. 50, 13.9.2012, bls. 46), gildistaka 1.4.2013. Var síðar felldur brott með ákvörðun nr. 273/2022 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 24.9.2022.
- {39} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 143/2012 (Stjtið. ESB L 309, 8.11.2012, bls. 27 og EES-viðbætur nr. 63, 8.11.2012, bls. 31), gildistaka 1.4.2013.
- {40} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 211/2013 (Stjtið. ESB L 92, 27.3.2014, bls. 37 og EES-viðbætur nr. 19, 27.3.2014, bls. 41), gildistaka 9.11.2013.

- 14.^{41} **32014R1271** - Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1271/2014 frá 28. nóvember 2014 um að heimila hækkun marka fyrir auðgun víns sem framleitt er úr þrúgum úr uppskeru ársins 2014 úr tilteknum vínþrúguyrkjum í tilteknum vínæktarhéruðum eða hlutum þeirra (Stjtið. ESB L 344, 29.11.2014, bls. 10).
- 15.^{42} **32016R2147** - Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2147 frá 7. desember 2016 um að heimila hækkun marka fyrir auðgun víns sem framleitt er úr þrúgum úr uppskeru ársins 2016 í tilteknum vínæktarhéruðum í Þýskalandi og í öllum vínæktarhéruðum í Ungverjalandi (Stjtið. ESB L 333, 8.12.2016, bls. 30).
- 16.^{43} **32017R2281** - Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2281 frá 11. desember 2017 um að heimila hækkun marka fyrir auðgun víns sem framleitt er úr þrúgum úr uppskeru ársins 2017 í tilteknum vínæktarhéruðum í Þýskalandi og í öllum vínæktarhéruðum í Danmörku, Hollandi (Niðurlandi) og Svíþjóð (Stjtið. ESB L 328, 12.12.2017, bls. 17).

^{41} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 65/2016 (Stjtið. ESB L 270, 19.10.2017, bls. 36 og EES-viðbætur nr. 66, 19.10.2017, bls. 38), gildistaka 19.3.2016.

^{42} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 103/2017 (Stjtið. ESB L 36, 7.2.2019, bls. 65 og EES-viðbætur nr. 11, 7.2.2019, bls. 75), gildistaka 6.5.2017.

^{43} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 122/2018 (Stjtið. ESB L 368, 5.11.2020, bls. 23 og EES-viðbætur nr. 71, 5.11.2020, bls. 26), gildistaka 1.6.2018.

2. VIÐBÆTIR {⁴⁴}*Um gagnkvæma aðstoð eftirlitsstofnana í vingeiranum***BÁLKUR I****INNGANGSÁKVÆÐI***1. gr.**Skilgreiningar*

Í viðbæti þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „reglur um vinnviðskipti“: fyrirmæli sem er kveðið á um í þessari bókun;
- b) „lögbært yfirvald“: lögbært stjórnvald eða stjórnarskrifstofa sem samningsaðili hefur falið að tryggja að farið sé að reglum um vinnviðskipti;
- c) „samskiptayfirvald“: lögbær stofnun eða stjórnvald sem samningsaðili hefur falið að annast samskipti við samskiptayfirvöld annarra samningsaðila;
- d) „yfirvald sem sækir um“: lögbært stjórnvald skipað af samningsaðila er sækir um aðstoð á sviðum sem viðbætur þessi nær til;
- e) „yfirvald sem er leitað til“: lögbær stofnun eða stjórnvald skipað af samningsaðila er fær beiðni um aðstoð á sviðum sem viðbætur þessi nær til;
- f) „brot“: sérhvert brot á reglum um vinnviðskipti, svo og sérhver tilraun til þess að brjóta slíkar reglur.

*2. gr.**Gildissvið*

- 1. Samningsaðilar skulu aðstoða hver annan, á þann hátt og með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessum viðbæti. Rétt framkvæmd reglna um vinnviðskipti skal einkum tryggð með gagnkvæmri aðstoð, uppgötvun og rannsókn brota á reglunum.
- 2. Aðstoð í tollamálum, eins og kveðið er á um í þessari bókun, gildir um hvert það stjórnvald samningsaðila sem hefur vald til að beita ákvæðum þessa viðbætis. Hún hefur ekki áhrif á reglur um opinbera rannsókn og gagnkvæma aðstoð samningsaðila í sakamálum.

^{44} Texta 2. viðbætis var bætt við með ákvörðun nr. 7/94 (Stjttíð. EB L 160, 28.6.1994, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 17, 28.6.1994, bls. 1), gildistaka 1.7.1994.

BÁLKUR II**EFTIRLIT AF HÁLFU SAMNINGSADILA****3. gr.****Meginreglur**

1. Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja aðstoðina, samanber 2. gr., með viðeigandi eftirlitsaðgerðum.
2. Eftirlitið skal annaðhvort fara fram kerfisbundið eða með sýnatöku. Við sýnatöku skulu samningsaðilar tryggja með fjölda sýna, eðli þeirra og tíðni sýnatöku að eftirlitið sé marktækt.
3. Samningsaðilar skulu tryggja að lögbær yfirvöld hafi nægan fjölda heppilegra, hæfra og reyndra starfsmanna til að annast á fullnægjandi hátt eftirlitið sem um getur í 1. mgr. Þeir skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að auðvelda starf fulltrúa lögbærra yfirvalda þeirra, einkum hvað varðar eftirfarandi atriði varðar:
 - aðgangur skal heimill að vénekrum, vingerðar- og vingeymslumannvirkjum og að mannvirkjum fyrir vinnslu á vingeiravörum og að ökutækjum sem flytja afurðimar;
 - aðgangur skal heimill að söluhúsnæði (eða vörugeymslum) og ökutækjum þess sem hefur undir höndum - með sölu, markaðssetningu eða flutning í huga - vingeiravörur eða vöru sem má nota í vingeiranum;
 - heimilt skal að gera könnun á vingeiravörum eða efnum sem má nota við gerð slíkra vara;
heimilt skal að taka sýni af vörum sem eru geymdar með sölu, markaðssetningu eða flutning í huga;
 - heimilt skal að skoða reikninga eða önnur skjöl vegna eftirlits og taka má afrit eða gera útdrátt úr þeim;
 - heimilt skal að gera viðeigandi varnarráðstafanir varðandi gerð, hald, flutning, lýsingu, kynningu, útflutning til annarra samningsaðila og markaðssetningu vingeiravöru eða vöru sem má nota við gerð slíkrar vöru, ef ástæða er til að ætla að brotið hafi verið alvarlega gegn þessari bókun, einkum ef um er að ræða sviksamlega aðferð eða hættu gagnvart heilsu almennings.

4. gr.**Eftirlitsyfirvöld**

1. Ef samningsaðili skipar fleiri en eitt lögbært yfirvald skal hann tryggja að starf þessara yfirvalda sé samræmt.
2. Hver samningsaðili skal tilnefna eitt samskiptayfirvald.
Tilnefnt yfirvald skal:
 - senda umsóknir um samvinnu vegna framkvæmdar þessa viðbætis áfram til samskiptayfirvalda annarra samningsaðila;
 - taka við slíkum umsóknum frá síðarnefndu yfirvöldunum og senda þær áfram til lögbærs yfirvalds eða yfirvalda viðeigandi samningsaðila sem það heyrir undir;
 - koma fram fyrir hönd þess samningsaðila gagnvart hinum samningsaðilunum í samvinnunni sem III. bálkur tekur til;
 - tilkynna hinum samningsaðilunum um ráðstafanir teknar samkvæmt 3. gr.

BÁLKUR III**GAGNKVÆM AÐSTOÐ MILLI EFTIRLITSYFIRVALDA****5. gr.*****Aðstoð samkvæmt beiðni***

1. Að beiðni yfirvalds sem sækir um skal yfirvald sem leitað er til veita því allar viðeigandi upplýsingar svo að það geti tryggt að farið sé að reglum um vinnviðskipti, þar á meðal upplýsingar um starfsemi sem tekið hefur verið eftir eða skipulögð og stríðir eða gæti strítt gegn slíkum reglum.
2. Að rökstuddri beiðni yfirvalds sem sækir um skal yfirvald sem leitað er til framkvæma eða láta fara fram sérstakt eftirlit svo sett markmið náist.
3. Yfirvald sem leitað er til, samanber 1. og 2. mgr. skal beita sér eins og það gerði það fyrir eigin hönd eða að beiðni yfirvalds í eigin landi.
4. Í samkomulagi við yfirvaldið sem er leitað til getur yfirvaldið sem sækir um falið sínum eigin embættismönnum eða embættismönnum annars lögbærs yfirvalds samningsaðilans sem það starfar fyrir:
 - að afla á athafnarsvæði lögbærra yfirvalda hjá samningsaðilum þar sem yfirvaldið sem er leitað til hefur aðsetur, upplýsinga varðandi sannprófun á réttri framkvæmd reglna um vinnviðskipti eða hafa eftirlit með aðgerðum, þar á meðal að gera afrit af flutingskjölum og öðrum skjölum eða gera útdrátt úr registri;
 - eða vera viðstaddir þær aðgerðir sem er beiðin um samkvæmt 2. mgr.Afritin sem um getur í fyrsta undirliði má aðeins gera með samþykki yfirvaldsins sem leitað er til.
5. Yfirvald sem sækir um og æskir þess að senda embættismann til samningsaðila í samræmi við fyrstu undirgrein 4. mgr. til að vera viðstaddan eftirlitsaðgerðir, samanber annan undirlið þeirrar undirgreinar, skal láta yfirvaldið sem er leitað til vita af því vel fyrir þann tíma a sem aðgerðirnar byrja.

Embættismenn yfirvaldsins sem leitað er til skulu ávallt stjórna eftirlitsaðgerðum.

Embættismenn yfirvaldsins sem sækir um skulu:

- leggja fram skriflegt leyfi sem sýnir nafn þeirra og stöðu,
 - hafa innan þeirra marka sem samningsaðili yfirvaldsins sem leitað er til setur eigin embættismönnum við viðkomandi eftirlit:
 - rétt til aðgangs eins og segir í 3. mgr. 3. gr.,
 - rétt til að fá vitneskju um niðurstöður eftirlits af hálfu embættismanna yfirvaldsins sem er leitað til samkvæmt 3. mgr. 3. gr.,
 - haga sér við eftirlitið í samræmi við reglur og venjur sem embættismönnum samningsaðilans ber að fylgja á því svæði sem eftirlitið fer fram.
6. Rökstuddar beiðni samkvæmt þessari grein skal senda til yfirvalds hlutaðeigandi samningsaðila í gegnum samskiptayfirvald þess samningsaðila. Hið sama gildir um:
 - svör við beiðnunum, og
 - orðsendingar varðandi beitingu 2., 4. og 5. mgr.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein og til að flýta fyrir og efla samvinnu milli samningsaðila getur samningsaðili í vissum tilvikum heimilað lögbæru yfirvaldi að:

- senda rökstudda beiðni sína eða orðsendingu beint til lögbærs yfirvalds annars samningsaðila;
- senda svar við rökstuddum beiðnum eða orðsendingum beint til lögbærs yfirvalds annars samningsaðila.

6. gr.

Áriðandi tilkynning

Ef lögbært yfirvald samningsaðila grunar eða fréttir:

- að vara sem um getur í þessari bókun samrýmist ekki reglum um vínviðskipti eða svikum hafi verið beitt við öflun eða markaðssetningu slíkrar vöru, og
- að þessi brot gegn reglunum varði einn eða fleiri samningsaðila sérstaklega og þau séu þess eðlis að stjórnvöld eða dómsyfirvöld muni grípa til aðgerða,

skal lögbært yfirvald, í gegnum samskiptayfirvald sitt, tilkynna samskiptayfirvaldi hlutaðeigandi samningsaðila um þetta án tafar.

7. gr.

Form og efni aðstoðarbeiðna

1. Beiðnir sem eru lagðar fram samkvæmt þessum viðbæti eiga að vera skriflegar. Nauðsynleg skjöl fyrir framkvæmd slíkrar beiðni skulu fylgja henni. Í brýnum tilvikum er leyfilegt að samþykkja munnlegar beiðnir en þær verður þegar í stað að staðfesta skriflega.
2. Beiðnir sem lagðar eru fram samkvæmt 1. mgr. eiga að fela í sér eftirfarandi upplýsingar:
 - hvaða yfirvald sækir um;
 - hvaða ráðstöfun farið er fram á;
 - markmið með og ástæða fyrir beiðninni;
 - hvaða lög, reglur og annar lagagerningur eru málinu viðkomandi;
 - upplýsingar sem eru eins nákvæmar og tæmandi og hægt er um einstaklinga og lögaðila sem rannsóknin beinist að;
 - yfirlit yfir þau atriði sem málið varða.
3. Beiðnir skulu lagðar fram á opinberu tungumáli þess yfirvalds sem leitað er til eða á tungumáli sem það yfirvald samþykkir.
4. Ef beiðnir fullnægir ekki kröfum um form, er hægt að fara fram á að hún verði leiðrétt eða að lokið verði við hana; þó er hægt að fara fram á að varúðarráðstafanir verði gerðar.

8. gr.

Hvernig upplýsingum skal komið á framfæri

1. Yfirvald sem leitað er til skal senda niðurstöður rannsókna til yfirvalds sem sækir um í formi skjala, vottfesta afrita skjala, skýrslna og sambærilegra gagna.
2. Í staðinn fyrir skjölin sem kveðið er á um í 1. mgr. geta komið hvers kyns tölvugögn sem útbúin eru í sama skyni.

9. gr.**Undantekningar frá þeirri skyldu að veita aðstoð**

1. Samningsaðili eða yfirvald sem er leitað til getur neitað að veita þá aðstoð sem kveðið er á um í þessum viðbæti þegar hún myndi:
 - vera líkleg til að hafa áhrif á fullveldi, allsherjarreglu (l'ordre public), öryggi eða aðra mikilvæga hagsmuni; eða
 - snerta reglur um gjaldmiðil eða skatta.
2. Þegar yfirvald sækir um aðstoð sem það væri sjálft ekki fært um að veita ef um væri beðið skal það vekja athygli á því í beiðninni. Yfirvald sem leitað er til ákveður hvernig slíkri beiðni er svarað.
3. Ef hætt er við aðstoð eða synjað um hana skal þegar í stað tilkynna það yfirvaldinu sem sækir um og geta um ástæðu fyrir synjuninni.

10. gr.**Sameiginleg ákvæði**

1. Upplýsingum sem um getur í 5. og 6. gr. skulu fylgja skjöl eða önnur sönnun og upplýsingar um aðgerðir stjórnvalda eða dómsyfirvalda, einkum varðandi:
 - samsetningu og skynmatseinkenni;
 - lýsingu og kynningu;
 - hlýðni við settar reglur um gerð og markaðssetningu viðkomandi vara.
2. Hlutaðeigandi samskiptayfirvöld í máli er varðar gagnkvæma aðstoð sem um getur í 5. og 6. gr. skulu án tafar upplýsa hvort annað um:
 - gang rannsókna, einkum með skýrslum og öðrum skjölum eða upplýsingamiðlum, og
 - eftirfylgjandi aðgerðir stjórnvalda eða dómsyfirvalda.
3. Ferðakostnaður sem hlýst af beitingu þessa viðbætis skal borinn af samningsaðilanum sem hefur útnefnt embættismann vegna ráðstafanna sem um getur í 2. og 4. mgr. 5. gr.
4. Þessi grein er með fyrirvara um innlend ákvæði varðandi þagnarskyldu við málarekstur.

BÁLKUR IV**ALMENN ÁKVÆÐI****11. gr.****Sýnataka**

1. Við framkvæmd II. og III. bálks getur lögbært yfirvald samningsaðila farið fram á það að lögbært yfirvald annars samningsaðila taki sýni í samræmi við viðeigandi ákvæði hjá þeim samningsaðila.
2. Yfirvaldið sem er leitað til skal geyma tekin sýni samkvæmt 1. mgr. og ákveða, meðal annars, á hvaða rannsóknarstofu þau skulu send til skoðunar. Yfirvaldið sem sækir um getur tilnefnt aðra rannsóknarstofu til að greina samanburðarsýni. Í þessu skyni skal yfirvaldið sem er leitað til senda viðeigandi fjölda sýna til yfirvaldsins sem sækir um.
3. Komi upp ágreiningur milli yfirvaldsins sem sækir um og yfirvaldsins sem er leitað til varðandi niðurstöður rannsóknar sem um getur í 2. mgr. skal skorið úr um hann með greiningu á rannsóknarstofu sem báðir aðilar tilnefna.

12. gr.**Trúnaðarskylda**

1. Upplýsingar sem veittar eru í samræmi við þennan viðbæti, í hvaða formi sem það er gert, skulu vera trúnaðarmál. Þær heyra undir opinbera þagnarskyldu og njóta verndar í samræmi við viðeigandi lög sem gilda hjá samningsaðilanum sem fékk þær eða samsvarandi ákvæði er gilda um yfirvöld Bandalagsins.
2. Þessi viðbættir skuldbindur ekki samningsaðila sem hefur strangari skilyrði samkvæmt lögum og stjórnsýsluvenjum varðandi þagnarskyldu um iðnaðar- og viðskiptamál heldur en kveðið er á um í þessum viðbæti til að veita upplýsingar, þegar samningsaðilinn sem sækir um gerir ekki ráðstafanir til að fara að þessum strangari skilyrðum.

13. gr.**Notkun upplýsinga**

1. Aðfengnar upplýsingar skal eingöngu nota vegna þessa viðbætis og þær má eingöngu nota í öðrum tilgangi hjá öðrum samningsaðila með fyrirfram skriflegu samþykki þess stjórnvalds sem veitti þær og þær skulu bundnar þeim skilyrðum sem það stjórnvald setur.
2. Ákvæði 1. mgr. koma ekki í veg fyrir notkun upplýsinga í hvers konar málarekstri af hálfu dómstóla eða stjórnvalda sem stofnað er til síðar vegna brota á almennum hegningarlögum, að því tilskildu að þeirra hafi verið aflað innan ramma alþjóðlegra reglna um lagaaðstoð.
3. Samningsaðilar geta, í skráðum sönnunargögnum sínum, skýrslum og vitnisburði og málarekstri og kærur sem koma fyrir dómstóla, notað sem sönnunargögn upplýsingar sem fengist hafa og skjöl sem hafa verið skoðuð í samræmi við ákvæði þessa viðbætis.

14. gr.**Upplýsingar sem er aflað á grundvelli þessa viðbætis - sönnunargildi**

Lögbær yfirvöld annarra samningsaðila mega skírskota til niðurstaðna tiltekinna embættismanna lögbærra yfirvalda samningsaðila við framkvæmd þessa viðbætis. Í slíkum tilvikum er gildi þeirra ekki minna fyrir það að þær koma ekki frá viðkomandi samningsaðila.

15. gr.**Aðilar sem eftirlit nær til**

Einstaklingar eða lögpersónur og hópar slíkra aðila sem stunda eftirlitsskylda starfsemi samkvæmt þessum viðbæti skulu ekki standa í vegi fyrir eftirliti og er gerð sú krafa til þeirra að þeir liði ávallt fyrir því að það geti farið fram.

16. gr.**Framkvæmd**

1. Samningsaðilar skulu senda hver öðrum:
 - skrá yfir lögbær samskiptayfirvöld er skulu hafa samskipti við rekstrarlega framkvæmd þessa viðbætis;
 - skrá yfir rannsóknarstofur sem hafa leyfi til að annast greiningu samkvæmt 2. mgr. 11. gr.
2. Samningsaðilum ber að hafa samráð og veita síðan hver öðrum nákvæmar upplýsingar um þær framkvæmdarreglur sem samþykktar eru í samræmi við ákvæði þessa viðbætis. Þeir skulu senda hver öðrum innlend ákvæði og samantekt um stjórnslu- og dómsúrskurði sem snerta beint rétta framkvæmd reglna um vinnviðskipti.

17. gr.**Stuðningur**

Viðbætir þessi á að styðja en ekki hindra beitingu samninga um gagnkvæma aðstoð sem gerðir hafa verið eða kunna að verða gerðir milli tveggja eða fleiri samningsaðila. Hann kemur ekki heldur í veg fyrir enn viðtækari gagnkvæma aðstoð sem veitt er samkvæmt slíkum samningum.
